

Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Víkings



Vinnureglur fyrir gjaldkera flokksráða

Séreignir iðkenda

- Séreignir iðkenda sem verða til í gegnum hvers kyns fjáraflanir eru eign iðkenda og flytjast með þeim á milli flokka.
- Ef iðkendur hætta þá er hlutverk gjaldkera flokksráða að greiða séreignir þeirra til forráðamanna. Ef ekki tekst að greiða séreignina út, þá færast hún með þeim árgangi sem iðkandinn tilheyrir.

Sameiginlegur sjóður flokka

- Í lok hvers æfingaárs (í síðasta lagi 30. September) þarf að gera upp sameiginlegan sjóð hvers flokks. Hann á að skiptast á milli þeirra árganga sem mynda flokkinn í hlutfalli við fjölda iðkenda. Hlutur eldra árs flyst síðan með því yfir í næsta flokk og hlutur yngra árs verður áfram eftir í floknum.
- Ef mikill sameiginlegur sjóður byggist upp á starfsári flokks þá á að koma honum aftur til iðkenda áður er flokksráð skilar floknum af sér.

Styrkir vegna ferðakostnaðar

- BUR styrkir yngri flokka vegna ferðakostnaðar í tengslum við Íslandsmót. Styrkurinn getur orðið 1/3 af heildarferðakostnaði þar sem áfangastaður er meira en 50 km. frá Reykjavík.

Fjármál flokksráða

- Gjaldkerar flokksráða eiga að skila ársfjórðungslega uppgjöri til stjórnar BUR ásamt reikningum sem hafa verið greiddir. Ársuppgjöri er skilað þegar starfsárið (1. október til 30. september) er gert upp og er hluti af því þegar fráfarandi gjaldkeri afhendir nýjum gjaldkera bókhald flokksráðsins.